

Félagsheimilið á Blönduósi

FUNDUR - 16. nóvember 2004

Stjórnarfundur haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi þriðjudaginn 16. nóvember 2004 klukkan 19:30.

Mættir eru undirritaðir.

Jóhanna setti fund og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2005.
2. Önnur mál.

Afgreiðsla:

1. Farið var yfir fjárhagsstöðu fyrstu 10 mánuði ársins. Margrét Sigurðardóttir, húsvörður fór yfir þær endurbætur sem brýnastar eru í húsinu. Stjórnarmenn fóru í kjallarann og skoðuðu rafkerfið fyrir ljós í bíósal, en það er orðið gamalt og nauðsynlegt að endurnýja. Einnig hefur leki af þökum verið viðvarandi vandamál. Ákveðið var að fá nánari kostnaðartölur í endurbætur. Stjórn félagsheimilisins óskar eftir 11 milljónum til reksturs hússins á næsta ári.
2. Stjórnin fagnar því að flygill félagsheimilisins sé kominn í hús. Lögð var fram tillaga húsvarðar um gjaldskrá félagsheimilisins. Stjórnin mun fara yfir hana og ræða á næsta fundi.

Fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl: 21:00.

Jóhanna G. Jónasdóttir
Auðunn Sigurðsson
Margrét Sigurðardóttir
Valdimar Guðmannsson
Stefán Hafsteinsson

Kristín Guðjónsdóttir